

**Nd.**

**96. Frumvarp**

til laga um breyting á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

**1. gr.**

Á eftir orðunum: „Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki“, í 11. gr. laga frá 10. nóv. 1913, komi: og ganga festa-, lesta- og uppsátursgjöld af vélbátum og öðrum skipum í 2 ár eftir gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipum og bátum, samhliða vita- og lestagjaldi til rikissjóðs.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Greinargerð.**

Samkvæmt ákvæðum í hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 30. ágúst 1926, 30. gr., hefir hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir gjöldum þessum. Ákvæði þetta hefir reynzt fremur illa, og þess vegna er frumvarp þetta fram komið, til þess að byggja fyrir það, að hafnarsjóður glati af tekjum sínum í framtíðinni.

Er hér farið fram á veðréttindi, er rikissjóður hefir fyrir gjöldum sama eðlis.